



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2013 – 2014.

Aðalfundur fór fram 30. maí 2013 og tók ný stjórn þá strax til starfa. Stjórnarfundir á starfsárinu voru níu talsins og voru verkefni stjórnar voru mörg og fjölbreytt

Miklar breytingar voru í orlofshúsum Verkalýðs og sjómannafélags Sandgerðis yfir þetta starfsár. Skrifað var undir kaupsamning á nýju orlofshúsi sl. sumar að Hraunbrekku nr. 5 í Húsafelli ásamt því landi sem orlofshúsið stendur á.

Farið var í að skoða möguleika á stækkun við húsin í Hraunborgum og fóru formaður ásamt Gunnari Guðbjörnssyni í að skoða það. Gunnari var falið að gera kostnaðaráætlun og verðtilboð í verkið. Einnig var Gunnari falið að gera verðtilboð í smíði á gluggum og hurðum og skipta um gaflana í húsunum. Tilboðunum frá Gunnari voru tekin og búið er að fara í framkvæmdir við bæði húsin í Hraunborgum og var ákvörðun orlofsnefndarinnar um að klára þennan áfanga en stækkunin bíður síðari tíma.

Félagið hefur staðið að nokkrum fyrirlestrum um réttindi og skyldur á vinnumarkaðnum. Unglingum úr vinnuskólanum var boðið í heimsókn til félagsins þar sem farið var yfir fyrirlesturinn Láttu ekki plata þig. Einnig var kynnt starfsemi Verkalýðs og sjómannafélags Sandgerðis.

Farið með fyrirlestur um Réttindi og skyldur á vinnumarkaði á fiskvinnslunámskeið sem haldið var hjá Ný- Fiski og Nesfiski. Þar voru hóparnir samtals fimm og hver fyrirlestur stóð í fjórar kennslustundir. Þetta tókst mjög vel að sögn námskeiðshaldara og var það formaður félagsins sem tók að sér að halda þessa fyrirlestra.

.



Þetta starfsár hefur einkennst mjög af fundum vegna samningarviðræðna og gerð kjarasamninga hjá hinum ýmsu aðilum og hefur formaður setið fjöldi funda vegna þessa.

Kjörstjórn félagsins kom saman vegna póstatkvæðagreiðslu og voru atkvæðaseðlar sendir úr á 360 félagsmenn.

Úrslit póstatkvæðagreiðslunnar voru þau 63 sögðu já og 40 sögðu nei, ógildir seðlar voru 4. Þannig að samningurinn var samþykktur með afgerandi hætti.

Formaður félagsins var skipaður aðalfulltrúi SGS í Vinnumarkaðsráði sem er fastanefnd hjá ASÍ áður sat formaður sem varamaður í umhverfisnefnd.

Á þessu starfsári hefur verið töluvert um að það þurfi að aðstoða félagsfólk vegna vanefnda launa og gjaldþrota fyrirtækja.

Kaffisasamsæti var haldið 1. maí með venjubundnum hætti og spjalli í húsi félagsins að Tjarnargötu 8, alls mættu um 60 - 70 manns.

Svo það má segja að starfsárið hafi verið mjög annasamt og viðburðaríkt hjá stjórn og starfsfólki félagsins.

Ég sem formaður félagsins vil þakka þessu fólki fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins, þetta samstarf hefur veitt mér mikla gleði í starfi fyrir félagið.

Fyrir hönd stjórnar,
Magnús S Magnússon.
Formaður